



Grenndarkynning

Kópavogi, 19. maí 2026
26012129/501.03 KH

Hlíðarhvarf 21. Breytt deiliskipulag.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 16. mars 2026 var samþykkt með vísan til 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 21 við Hlíðarhvarf fyrir hagsmunaaðilum á lóðum nr. 16-20 við Hlíðarhvarf.

Í breytingunni felst að fyrirhugað einbýlishús á lóðinni verði á einni hæð í stað tveggja og nái samtals 13,5 m² út fyrir byggingarreit til vesturs. 1,9 m þar sem það er mest (6,8 m²) og 0,8 m þar sem það er minna (6,7 m²), ásamt því að ná 1,0 m út fyrir byggingarreit til norðurs, samtals 11,2 m². Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,30. Þá eru bílastæði og aðkoma færð frá suð-austurhorni í norð- austurhorn, miðað við deiliskipulag.

Tillagan er sett fram á uppdráttum dags. 13. maí 2026 og henni fylgir einnig lóðaruppdrættir dags. 30. apríl 2026.

Ofangreind tillaga er aðgengileg í [Skipulagsgátt](http://www.skipulagsgatt.is), www.skipulagsgatt.is málsnr. 629/2026, á vef [Kópavogsbæjar](http://www.kopavogsbajar.is) <https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/hlidarhvarf-21> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Athugasemdum og ábendingum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum [Skipulagsgátt](http://www.skipulagsgatt.is) www.skipulagsgatt.is, málsnr. 629/2026, eigi síðar en 21. júní 2026.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Vakin er athygli á 43. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:

- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.
- Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nággranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

